

11. stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 14. mars 2023 kl. 16.

Mætt

Hallgrímur Gíslason formaður, Sigurður Harðarson, Torfhildur Þorgeirsdóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson, Margrét Marvinsdóttir, Birgir Björn Svavarsson, Helgi Aðalsteinsson, Helga Eymundsdóttir, Elín Antonsdóttir
Fjarverandi Eva B. Magnúsdóttir.

1. Formaður setti fund kl 16:07.

2. Fundargerð stjórnar frá 28. febrúar lögð fram og samþykkt.

3. Viðvera

- a. 15. Mars. Birta - Margrét Marvinsdóttir
- b. 22 mars. Birta - Friðrik Vagn Guðjónsson
- c. 29. Mars. Birta – Sigurður Harðarson

4. Aðalfundur

- a. Uppstillingar fyrir stjórn og nefndir næsta tímabils ræddar. Samþykkt var að Hörður Gunnarsson fengi undanþágu, samkvæmt eigin ósk, til að vera í eitt ár í viðbót í skemmtinefnd.
- b. Skýrslur stjórnar og nefnda óðum að skila sér en eitthvað vantar þó ennþá.
- c. Breytingar á samþykktum félagsins ræddar og samþykktar að hálfu stjórnar.
- d. Ársreikningar voru undirritaðir. Sigurður mun kynna þá ásamt tillögu um árgjald og fjárhagsáætlun á fundinum.
- e. Stjórnin mun leggja til að árgjald verði næstu tvö árin 3500 kr. plús 200 kr fyrir almenna greiðsluseðla.
- f. Fjárhagsáætlun er í vinnslu og verður send til kynningar til stjórnar.
- g. Farið var yfir ályktanir sem lagðar verða fram á fundinum.
- h. Farið var yfir gátlista um undirbúning fundarins og skipt verkum. Formaður tók að sér að ljósrita skýrslur nefnda, ársreikninga og tillögur að breytingum á samþykktum og koma þeim í Birtu og Sölkú. Einnig að setja dagskrá fundarins, meginatriði úr ársreikningum, tillögur og ályktanir á glærur. Sigurður og Margrét fara í Naustaskóla til að fara yfir stóla, fá upplýsingar um tæknimál o.fl. Sigurður kaupir blóm og stýrir afhendingu þeirra til þeirra sem hætta störfum. Hann sér einnig um að fara með kaffipoka í skólann. Helga og Bára Ólafsdóttir munu annast veitingar. Torfhildur kaupir meðlæti og kemur því til Hallgríms. Birgir Björn hefur umsjón með gestabók. Einnig var ákveðið hverjum ætti að bjóða sérstaklega á fundinn. Stjórnarmenn ætla að mæta í Naustaskóla kl. 15.

5. Önnur mál

- a. Rætt var um fulltrúa á landsfund LEB en senda á níu fulltrúa frá félaginu.

Fleira ekki gert, fundi slitið um kl. 17:50.

Fundargerð ritaði Elín S. Antonsdóttir